


Sigurður Örlygsson við verk sitt „Hvert flugu krákurnar", sem er helgað minningu meistarans van Goghs og að sögn Sigurðar eins konar framhald af síðustu mynd meistarans.



Morgunblaðið/Júlíus.

Helgi Gíslason við eitt verka sinna á sýningunni.

Tvær einkasýningar með opið á milli

Listamennirnir Helgi Gíslason og Sigurður Örlygsson sýna skúlptúra og málverk á Kjarvalsstöðum.

HELGI Gíslason, myndhöggvari, og Sigurður Örlygsson, listmálari, opna sýningu á verkum sínum að Kjarvalsstöðum í dag, laugardag. Hér er um að ræða tvær sjálfstæðar sýningar, með ákveðnu samhengi þó þar sem samræmingar var gætt við uppsetningu verkanna, eða eins og listamennirnir sjálfir orðuðu það „tvær einkasýningar með opið á milli".

Sigurður Örlygsson sýnir 15 verk sem öll eru gerð á þessu ári. Verkin eru all sérstæð, eins konar blanda af skúlptúr og málverki þar sem hinir ýmsu hluti virðast vaxa út úr myndfletinum. „Þessi verk eru meira „skúlptúríal" en fyrri verk mín og má jafnvel segja að þau séu meira skúlptúr en málverk", sagði Sigurður. „Þau eru einnig frábrugðin mínum fyrri verkum að því leyti að ég reyni að hleypa fletinum meira út, áferðin er þykkari og ég nota fjölbreytilegri efni en áður. Ég hef alltaf haft gaman af að prófa mig áfram með hin ýmsu efni svo sem plast, tré og fleira og þetta kemur meira fram í þessum verkum en áður. Ég legg áherslu á að menn fari ofan í myndirnar og rýni svolítið í þær og færi sig síðan fjær. Þannig er best að ná þeim áhrifum sem ég er að sækjast eftir. Á vissa hátt lít ég á þetta eins og landslag," sagði Sigurður.

Hann kvaðst hafa haldið sína fyrstu sýningu árið 1971 í Unuhúsi hjá Ragnari í Smára. Aðspurður kvaðst hann ekki geta útskýrt í stuttu máli þær breytingar sem orðið hefðu á vinnubrögðum sínum síðan. „Fyrstu myndirnar mínar voru mun einfaldari. Síðan hefur þetta tekið miklum breytingum eins og sjá má til dæmis á þessum verkum".

Helgi Gíslason sýnir skúlptúrverk sem flest eru unnin síðastliðið sumar. „Ég dvaldi í Norrænu myndlistarmiðstöðinni á eyjunni Sveaborg í Finnlandi í þ mánuði í sumar og vann mest af þessu þá, og sá þegar ég kom heim að þetta var efniviður í sýningu," sagði Helgi. „Það má segja að þetta sé tilraun hjá mér með tréskúlptúr, en fram til þessa hef ég unnið mest með brons. Þetta er fyrsta sýningin mín þar sem tré er uppistaðan í meirihluta verkanna. Eins gætir ákveðinna nýjunga í litameðferð hjá mér í þessum verkum, þetta eru baneitraðir litir, eins konar „neonlitir"

Helgi hélt sína fyrstu sýningu í Norræna húsinu árið 1977 nýkominn heim frá námi í Kunstakademiunni í Gautaborg og Svíþjóð. Hann hefur síðan haldi fjölmargar sýningar bæðiu hér heima og erlendis og nýverið var hann á ferð með einkasýningu í Þýskalandi.

Þeir Helgi og Sigurður sögðu að tilviljun hefði ráðið því að sýningar þeirra lentu saman. Þeir hefðu ekki pantað húsið saman, en ákveðið hins vegar að samræma uppsetninguna eftir að það lá fyrir. Sýningar beggja eru opnar til 31. nóvember næstkomandi.

Keflavík:

Rafmagnsbilun vegna seltu á háspennulínu

Keflavík.

BILUN VARÐ á háspennulínu frá aðveitustöð í Njarðvíkum til Keflavíkurflugvallar um hálfníuleitið á þriðjudagskvöldið, með þeim afleiðingum að rafmagnslaust varð í Njarðvíkum og Keflavík í hálftíma. Á Keflavíkurflugvelli var rafmagn framleitt með diselrafstöðvum á meðan bilunarinnar gætti.

Mikil selta settist á línurnar í norðanáttinni og varð það til þess að einangrunarstæða „sprakk" þegar 66.000 volt leiddu til jarðar. Varð af þessu mikill blossi sem líktist því að eldingu lysti til jarðar.

„Saltið getur valdið því að einangrunarstæðurnar virka ekki eðlilega og því er hætta á skammhlaupi", sagði Jóhann Líndal rekstrarstjóri háspennusviðs Hitaveitu Suðurnesja í samtali við Morgunblaðið. Jóhann sagði ennfremur að viðgerð hefði lokið um eittleytið um nóttina og nú vonuðust menn eftir úrkomu til að hreinsa saltið af línunum.

– BB

Viðtalstími borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík





Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins verða til viðtals í Valhöll Háaleitisbraut 1, á laugardögum frá kl. 10—12. Er þar tekið á móti hvers kyns fyrirspurnum og ábendingum og er öllum borgarbúum boðið að notfæra sér viðtalstíma þessa.

LAUGARDAGINN 15. NÓVEMBER VERÐA TIL VIÐTALS

Júlíus Hafstein formaður Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur, umhverfismálaráðs og ferðamálanefndar, Helga Jóhannsdóttir í stjórn umferðarnefndar og SVR og Sigurjón Fjeldsted formaður stjórnar strætisvagna Reykjavíkur og í stjórn skólanefndar og fræðsluráðs.

VAKTÞJÓNUSTA HEIMILISLÆKNA

Frá og með 15. nóvember nk. tekur Læknavaktin sf. við rekstri sameiginlegrar vitjunarþjónustu læknavaktarinnar í Reykjavík, Kópavogi og á Seltjarnarnesi. Samtímis fellur niður göngudeildarþjónusta heimilislækna, sem áður var í húsnæði Landspítalans.

Læknavaktin mun frá þeim degi sameina upplýsinga-, vitjana- og móttökuþjónustu í húsnæði Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg, þar sem tannlæknaþjónustan var áður.

Allar nánari upplýsingar verða veittar af hjúkrunarfræðingum og læknum vaktarinnar í síma 21230 frá kl. 17.00—08.00 virka daga, en allan sólarhringinn á helgi- og stórhátíðardögum.

Læknavaktin sf.
Sjúkrasamlag Reykjavíkur.

STEINSTEYPU-KAUPENDUR!

Nú fer vetur í hönd og veður kólnandi. Því er hætt við frostskemmdum í steinsteypu. Fari hitastig steinsteypu niður fyrir 10°C hægir mjög á hörðnun hennar. Undir 5°C er hörðnun svo til hætt.
Steinsteypa verður ekki frostþolin fyrr en hún hefur náð u.þ.b. 1/3 af endastyrk sínum. Óhörðnuð steinsteypa getur legið í dái dögum saman við lágt hitastig og frosið síðan og skemmst.
Á veturna er upphitun steypunnar ein veigamesta ráðstöfunin til að varast frostskemmdir. Heit steypa frýs síður og nær styrk fyrr en óupphituð eða lítið upphituð steinsteypa.
Kynnið yður getu steypusala að afhenda upphitaða steypu. Kjörhiti úr steypustöð í steypubíl er um 18°–24° við venjulegar aðstæður.

Eftirfarandi ráðstafanir eru því æskilegar:

1. *Notið aðeins vel upphitaða steypu.*
2. *Bleytið ekki óhóflega í steypunni.*
3. *Látið steypuna bíða sem skemmst í steypubílnum þar sem hún kólnar.*
4. *Byrgið alla steypufleti og verjið steypu fyrir kólnun.*
5. *Kyndið undir steypu í mótum fyrstu sólarhringana.*

Munið að steinsteypan er burðarás mannvirkisins.



STEYPUSTÖÐIN hf
33600 SÆVARHÖFÐA 4

ÓSA/SÍA